

Hefur flutt yfir hálfa miljón farþega

Í gær voru liðin tuttugu ár frá því að Flugfélag Íslands hóf innanlandsflug. Hinn 2. maí 1938 var fyrsta farþegaflug á vegum félagsins farið, milli Akureyrar og Reykjavíkur, en félagið var stofnað á Akureyri rúmlega ári áður.

Á þeim tuttugu árum, sem Flugfélagið hefur haldið uppi flugsamgöngum, hafa flugvélar þess flutt yfir hálfa milljón farþega og mikið magn af pósti og vörum.

Er félagið hóf innanlandsflug fyrir tuttugu árum, voru þrír

menn starfandi á vegum þess. Nú eru starfsmenn þess 230. Flugfélag Íslands heldur nú uppi reglubundnum áætlunarflugferðum milli tuttugu og eins staðar á landinu og til fimm staða erlendis og hefur þar jafnframt fulltrúa sína og skrifstofur starfandi.

ÁRSAFMÆLI

Í gær var einnig eitt ár liðið frá því að hinar nýju Vickers-Viscount flugvélar komu fyrst hingað til lands og við hátíðlega athöfn á Reykjavíkurflugvelli voru þeim gefin nöfnin Hrímfaxi og Gullfaxi.

Daginn eftir, 3. maí hófu þær áætlunarflum og hafa þær síðan verið í stöðugum ferðum á áætlunarleiðum félagsins milli landa og einnig flogið innanlands eftir ástæðum.

Gullfaxi hinn nýi og Hrímfaxi

Sýning framlengd

Sýningu Ásgerðar Ester Búadóttur og Benedikts Gunnarssonar á myndvefnaði og glermálverkum í Sýningarsalnum við Ingólfsstræti hefur nú verið framlengd til sunnudagskvölds vegna mikillar aðsóknar. Verður sýningin opin í dag og á morgun frá kl. 2—10 síðdegis.

Góður afli Siglufjarðartogara

Siglufirði. Frá fréttaritara Þjóðviljans.

Togarinn Hafliði kom af veiðum á miðvikudagsmorgun með nærri fullfermi og Elliði kom inn í fyrradag, einnig með fullfermi. Er því vinna með mesta móti þessa dagana.

Útifundur á Ísafirði 1. maí

Ísafirði. Frá fréttaritara Þjóðviljans.

Útifundur hófst hér á Ísafirði kl. hálf tvö fyrsta maí. Töluðu ræðumenn af svölum húss Jónasar Tómassonar í Hafnarstræti.

Lúðrasveit Ísafjarðar undir stjórn Harry Herluvsen, lék lög í tilefni dagsins og íslenskrættjarðarlög o.fl. Sveinn Guðmundsson formaður Baldurs setti útifundinn, en ræður fluttu Pétur Sigurðsson frá Vélstjórafélaginu, Sigurður Jóhannsson frá Baldri og Guðmundur H. Kristjánsson frá Fél. starfsmanna Ísafjarðar-

Útifundur og kröfuganga á Siglufirði 1. maí

Siglufirði. Frá fréttaritara Þjóðviljans.

Fyrsta-maí hátíðahöld verkalýðsfélaganna hófust eftir hádegi að safnast var saman við Verkalýðshúsið og þaðan farin kröfuganga um nokkrar götur.

Að kröfugöngunni lokinni var staðnæmzt við barnaskólann og hófst þá útifundur. Óskar Garibaldason, formaður 1. mainefndar setti fundinn og stjórnaði

honum. Ræður fluttu Kristján Ingi Sveinsson. Sigríður Þorleifsdóttir, formaður Brynju og Bjarni B. Þorsteinsson varaforar setti fundinn og stjórnaði Framhald á 10. síðu.

Afli Stokkseyrarbáta allt að 30 tonn síðustu daga

Reglur vegamálastjóra valda erfiðleikum við hagnýtingu aflans

Stokkseyri í gær. Frá fréttaritara.


Þeir 3 bátar sem róa héðan hafa fiskað ágætlega að undanfögnu. Hefur aflinn síðustu dagana verið allt að 30 tonn á bát. Frystihúsið hefur ekki haft undan og því orðið að salta verulegan hluta af aflanum.

Það hefur þó valdið erfiðleikum í sambandi við söltunina að vegamálastjóri hefur sett reglur um hámarksþyngd bíla sem keyra mega veginn frá Selfossi til Stokkseyrar. Er miðað við 8

tonn en það þýðir að stærri bíl Framhald á 10. síðu.

1. maí-skemmtun á Selfossi

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Árnessýslu gekkst fyrir hátíðahöldum á Selfossi 1. maí. Eftir hádegið var haldin kvikmyndasýning fyrir börn og var aðgangur ókeypis. Kl. 9 um kvöldið var skemmtun í Selfossbíó. Björgvin Sigurðsson, formaður fulltrúaráðsins, setti samkomuna með ávarpi, Björn Þorsteinsson sagnfræðingur flutti snjalla ræðu, Söngkór verkalýðssamtakanna söng og Lúðrasveit Selfoss lék. Að lokum var dansað. Sigfús Sigurðsson, form. Verzlunarmannafélags Árnessýslu stjórnaði skemmtuninni. Var skemmtunin fjölsótt og þótti takast vel.



Ásmundur Sveinsson við undirbúning samsýningar 35 listamanna í Listamannaskálanum sem hefst í dag. — Sjá 3. síðu.

Sovétríkin hafna tillögu um eftirlit á heimskautssvæðinu

Bandaríkin vilja eftirlit í Sovétríkjunum en ekki á sínu eigin landsvæði

Á fundi öryggisráðsins í gær hafnaði fulltrúi Sovétríkjanna með neitunarvaldi tillögu Bandaríkjanna um eftirlit með vígbúnaði á norðurheimskautssvæðinu. Á sama fundi var felld tillaga Sovétríkjanna um að Bandaríkjunum verði gert að hætta að fljúga með kjarna-sprengjur í áttina til Sovétríkjanna.

Allmiklar umræður urðu á fundinum í gær um þessar tillögur. Tillaga Bandaríkjanna er á þá lund, að komið verði á alþjóðlegu eftirliti með vígbúnaði á svæðinu fyrir norðan heimskautsbaug. Samkvæmt því yrði Bandaríkjunum heimilt að kanna stór svæði í norðurhluta Sovétríkjanna, en Bandaríkin myndu alveg sleppa við slíkt eftirlit.

Sobolëff, fulltrúi Sovétríkjanna hafnaði tillögunni eindregið og kvað hana borna fram einginu í þeim áróðurs-tilgangi, að beina athygli manna frá þeim hásku, sem stafaði af flugi bandarískra flugvéla með kjarnorkusprengjur í áttina til Sovétríkjanna, sem þegar hefur skeð, eins og kunnugt er. Hann gagnrýndi Hammar skjöld, framkvæmda-

stjóra Sameinuðu þjóðanna harðlega fyrir að blanda sér í umræður ráðsins um tillöguna. Hann sagði, að Hammar skjöld myndi sízt auka sér traust með því að reka áróður fyrir bandarísku tillögunni og blanda þar með rödd sinni í áróðurskór Atlanzhafsbandalagsríkjanna.

Hann kvað tillögu Bandaríkjanna í fyllsta máta óréttláta, þar sem hún gerði ráð fyrir að Bandaríkjamenn gætu rannsakað stór svæði í Sovétríkjunum, en öðrum aðilum væri ekki leyft að hafa eftirlit með vígbúnaði í Bandaríkjunum.

Bandaríkin féllust síðan á málamiðlunartillögu frá sænska fulltrúanum, sem leggur til að áætlun um eftirlit á þessum slóðum verði rædd á væntanlegum fundi æðstu manna.

